

Fundur NOS

haldinn í Árnosi fimmtudaginn 22. febrúar 2018 kl. 11:30

Mætt: Aldís Hafsteinsdóttir, Björgvin Skafti Bjarnason, Jón G. Valgeirsson, Árni Eiríksson, Eydís Indriðadóttir, Helgi Kjartansson, Kristófer Tómasson, Halldóra Hjörleifsdóttir, Gunnar Þorgeirsson, Valtýr Valtýsson og Gunnsteinn R. Ómarsson. Auk þess sat fundinn María Kristjánsdóttir forstöðumaður Skóla- og velferðarþjónustu Árneshöfn og Bryndís Böðvarsdóttir formaður skólaþjónustu- og velferðarnefndar.

1. Samþykkt vegna Brúar lífeyrissjóðs og skipting á greiðslu milli sveitarfélaga

Lagður fram útreikningur og jafnframt tillaga að uppgjöri Skóla- og velferðarþjónustu vegna Brúar lífeyrissjóðs, þ.e. vegna breytinga á A-deild sjóðsins.

Heildarfjárhæð til greiðslu vegna Skólaþjónustu er kr. 19.531.705,- sem skiptist hlutfallslega á aðildarsveitarfélögin til samræmis við nemendafjölda um sl. áramót.

Heildarfjárhæð til greiðslu vegna Velferðarþjónustu er kr. 6.853.492,- sem skiptist hlutfallslega á aðildarsveitarfélögin til samræmis við íbúafjölda 1. desember 2017.

Tillagan er samþykkt samhljóða.

2. Uppgjör Skóla- og velferðarþjónustu Árneshöfn

Lagt fram sundurliðað rekstraruppgjör Skóla- og velferðarþjónustu fyrir árið 2017.

Heildarkostnaður Skólaþjónustu er um 63,7 m.kr. sem skiptast hlutfallslega á aðildarsveitarfélögin eftir nemendafjölda.

Heildarkostnaður Velferðarþjónustu er um 22,9 m.kr. sem skiptast hlutfallslega á aðildarsveitarfélögin eftir íbúafjölda 1. desember 2017.

Samþykkt að greiða umsýslugjald til umsýjónarsveitarfélags sem nemur 1,5% af veltu og bætist sá kostnaður við áðurgreindar fjárhæðir. Þetta er til samræmis við það sem gert er vegna byggðasamlagsins Bergisans.

Á næsta fundi verður ársreikningur Skóla- og velferðarþjónustu tekinn til samþykktar en skv. samþykktum ber að senda hann út til aðildarsveitarfélaganna fyrir 15. apríl.

3. Hugmynd um stuðning við fræðslunefndir sveitarfélaganna

Bryndís Böðvarsdóttir formaður skólaþjónustu- og velferðarnefndar og formaður skólanefndar Bláskógabyggðar hélt kynningu um starf skólanefnda. Hún lagði fram tillögu þess efnis að Skóla- og velferðarþjónusta Árneshöfn veitti skólanefndum sveitarfélaganna stuðning með því að samræma erindisbréf nefndanna og verklag þeirra.

Bryndísi var þökkun á hugaverð kynning og voru nefndarmenn á einu máli um það að fagleg umsýjón með samræmdum vinnubrögðum á samstarfssvæðinu falli undir verksvið Skóla- og velferðarþjónustu og sé í anda samþykktar fyrir byggðasamlagið.

4. Önnur mál

- Ákveðið að næsti fundur verði haldinn 20. mars nk. kl. 15:00 í Hveragerði þar sem boðið verður uppá veitingar.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 12:45
Gunnsteinn R. Ómarsson, fundarritari